

Nd.

211. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson, Bjarni Jónsson frá Vogu, Matth. Ólafsson og Hákon Kristófersson.

1. gr.

3. gr. 1. og 2. málsg. orðist svo:

Hjæraðslæknir hver fær að árslaunum 2500 kr.
Aðstoðarlæknum skal veita 1500 kr. þóknun hverjum á ári.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. júlí 1918.

Greinargerð.

Í neðri deild Alþingis var nýlega felt frv. um hækkun á þóknun handa læknum fyrir læknisverk í þágu einstaklinga og ferðakostnað. Þótti ýmsum hallkvæmara að bæta kjör lækna með hækkun fastra launa þeirra. Mun og enginn vilja halda því fram, að 1500 króna læknislaun sjeu boðleg mönnum, sem þurft hafa að eyða 10—12 bestu árum æfi sinnar til undirbúnings starfanum og hafa síðan sífellt ófrelsi og ábyrgð á heilsu manna og lífi. Lífskjör lækna valda því, að þeir endast allra stjetta verst og verða menn skammlífir. Það ætti að vera óþarft að geta þess, hversu þjóðinni er áriðandi að hafa góða lækna og læknaskipan og heilbrigðismál í góðu lagi. Hjer skal að eins mint á það, að með góðum sóttvörnum og fræðslu um sóttvarnir, sjúkdóma og sóttkveikjur hefði t. d. svarta dauða 1402—1404, plágunni 1494, stórubólu o. s. frv. orðið afstýrt eða heft svo, að eigi hefði stórfelt tjón gert. Og hversu mikið mundi eigi hafa verið gefandi fyrir slíkt? Flutningsmenn þessa frv. telja læknastjettina eina allra nauðsynlegustu starfsmanna landsins, og að læknar eigi því að sæta svo sæmilegum kjörum, að þeir megi rækja starf sitt óskiftir og með fullri alúð. Og þetta frv. telja flm. því í rjetta átt stefna, enda þótt þeir vildu fram á meira fara, ef þeim þætti fært.